Ölduvirkjanir við Vestmannaeyjar

Sigurður Georg Óskarsson

Lokaverkefni í vél- og orkutæknifræði BSc

2013

Höfundur: Sigurður Georg Óskarsson
Kennitala: 020687-2159
Leiðbeinandi: Jón Bernódusson

Tækni- og verkfræðideild
School of Science and Engineering

Tækni- og verkfræðideild

Heiti verkefnis:

Ölduvirkjanir við Vestmannaeyjar

Námsbraut:

Vél- og orkutæknifræði BSc

Tegund verkefnis:

Lokaverkefni í tæknifræði BSc

Önn:

7

Námskeið:

VT-LOK-1012

Höfundur:

Sigurður Georg Óskarsson

Umsjónarkennari:

Indriði Sævar Ríkharðsson

Leiðbeinandi:

Jón E. Bernódusson

Fyrirtæki/stofnun:

Háskólinn í Reykjavík

Ágrip:

Meginmarkmið þessa verkefnis er að kanna möguleika á að setja niður ölduvirkjanir við Vestmannaeyjar og afla þannig bænum að hluta fyrir rafmagni. Byrja þarf á að skoða ölduvirkjanir sem í boði eru í heiminum og velja svo útfrá því virkjanir sem gætu verið ákjósanlegur kostur til að kanna möguleikana fyrir Vestmannaeyjar.

Til að geta reiknað út hver hugsanleg afkastageta virkjananna yrði þarf að fá tölur frá Siglingastofnun sem sýna öldufar við Vestmannaeyjar frá árinu 2012. Í framhaldi af því er hægt að áætla raforkuverð.

Dagsetning:

4.12.2013

Lykilorð íslensk:

Sjálfbær orka
Ölduvirkjanir
Vestmannaeyjar

Lykilorð ensk:

Wave power
Wave power station
Vestman island

Dreifing:

opin ■ **lokuð** ☐ **til:**

1 Formáli

Verkefni þetta er lokaverkefni til B.s.c gráðu í Vél- og orkutæknifræði við Háskólann í Reykjavík, haustið 2013. Hugmyndin um að skoða virkjanir sem gætu beislað sjávarorku kviknaði þegar ég fór út í eina af úteyjum Vestmannaeyja (Hellisey) í eggjatöku í sumar. Krafturinn í sjónum er mikill og kom því hugmyndin um að það gæti verið gott tækifæri fyrir Vestmannaeyjar að nýta þennan sjálfbæra orkugjafa til að bæta orkunýtingu.
Næsta skref var upplýsinga öflun þar sem ég settist niður og aflaði mér upplýsinga á veraldarvefnum og kynnti mér þar sjávarorkuiðnaðinn og skoðaði möguleika á því að fjalla um ölduvirkjanir við Vestmannaeyjar í lokaverkefninu mínu.
Í framhaldi af þessari vinnu hafði ég samband við Jón Bernódusson starfsmann Samgöngustofu og bar hugmyndina undir hann. Jón tók verkefninu vel enda Eyjamaður og mikill höfðingi. Jón hefur í gegnum tíðina kennt nemendum aflfræði við Háskólann í Reykjavík og leiðbeint nemendum sem hafa haft áhuga á sjálfbærum orkugjöfum. Eftir nokkra fundi með Jóni fengum við til liðs við okkur Ingunni Ernu Jónsdóttur verkfræðing hjá Vegagerðinni. Ingunn aðstoðaði við að finna öldufar og sjávardýpi við Vestmannaeyjar.

Mikil vinna lá bakvið upplýsingaröflun um þær virkjanir sem þegar hafa verið settar á stokk. Ég hafði samband við verkfræðinga hjá nokkrum fyrirtækjum í sjávarorkugeiranum erlendis. Misvel gekk að fá upplýsingar, en flestir voru mjög samvinnufúsir. Margar af þessum virkjunum eru þó enn á þróunarstigi og þar af leiðandi erfitt fyrir fyrirtæki að gefa upp upplýsingar um aflgetu og stofnkostnað virkjana.
Ég vil nota tækifærið og þakka Jóni Bernódussyni fyrir góðan stuðning við gerð þessa verkefnis. Einnig vil ég þakka Ingunni Ernu Jónsdóttur fyrir aðstoð við gagnaúrvinnslu, ásamt Indriða S. Ríkharðsyni fyrir aðstoð við forrit.

Reykjavík 4. desember 2013

Sigurður Georg Óskarsson

Efnisyfirlit

1 Formáli **i**

2 Inngangur **1**

3 Veitukerfið í Vestmanneyjum **2**

3.0.1 Rafmagnið í Vestmanneyjum 2

3.0.2 Hitaveitan 3

3.1 Raforkunotkun 2012 4

4 Almennt um ölduvirkjanir **5**

5 Ýmsar ölduvirkjanir **6**

5.1 Wave dragon system 6

5.1.1 Kaplan túrbína 6

5.2 Wave Buoy 7

5.2.1 Power Buoy 7

5.2.2 Aflbreytir Power Buoy 8

5.2.3 Aqua Buoy 8

5.2.4 Pelton túrbína 9

5.2.5 Seabased 9

5.3 WaveEL 10

5.4 Pelamis Wave Energy converter 11

5.4.1 Aflbreytieining Pelamis 11

5.5 Wave oyster 12

6 Oscillating water colum **13**

6.1 Hönnun 13

6.2 Wells túrbína 14

7 Ölduvirkjun við Vestmannaeyjar **15**

7.1 Val á staðsetningu 15

7.1.1 Oscillating water colum 19

7.1.2 Pelamis 23

7.1.3 Wave dragon 25

7.1.4 Oyster 27

7.2 WaveEL 29

8 Kostnaður á mögulegum kerfum til orkuframleiðslu 31

9 Niðurstöður 33

10 Samantekt og næstuskref 34

11 Viðauki 37

Myndaskrá

1 Rafstrengirnir til Vestmannaeyjar . . . 2
2 Útskýringarmynd af rafskautsketil . . . 3
3 Raforkunotkun í Vestmannaeyjum árið 2012 . . . 4
4 Wave dragon system . . . 6
5 Martin Power buoy . . . 7
7 Skýringar á færslu AquaBuoy . . . 8
8 Seabased buoy línulegur rafall . . . 9
9 WaveEL vökvakerfi . . . 10
10 Pelamis virkjunin í Skotlandi . . . 11
11 Skýringarmynd af Pelamis aflbreytir . . . 12
12 Skýringar mynd af Oyster . . . 12
14 Skýringar mynd af Wells túrbínu . . . 14
15 Smáeyjar . . . 15
16 Virkjunarsvæði . . . 16
17 Skorðað öldusvæði . . . 17
18 Meðal öldfar við Vestmannaeyjar árið 2012 . . . 17
19 Sjávardýpi á svæðinu . . . 18
20 Sjávardýpi kringum Vestmannaeyjar . . . 18
21 Framkvæmdaferill Ocillating water colum . . . 19
22 Ocillating water colum séð á hlið . . . 20
23 Ocillating water colum horft framan á túrbínurnar . . . 20
24 Öldukraftar á virkjunarsvæði 10 1-b . . . 22
25 Afköst ISlAY Öldustöðvar . . . 22
26 Pelamis í Skotlandi . . . 23
27 Öldukraftar á Lína 1 . . . 24
28 Afköst Pelamis virkjunarinnar . . . 24
29 Skýringarmynd af Wavedragon . . . 25
30 Horft framan á Wavedragon . . . 25
31 Ölduorka á línu 4 . . . 26
32 Afköst Wavedragon virkjuninar . . . 26
33 Oyster virkjunin á þurrulandi . . . 27
34 Ölduorka á linu 10 . . . 28
35 Afköst Oyster 315 virkjunar . . . 28
36 WaveEL . . . 29

37 Afköst WaveEL virkjunarinnar 30
38 Heildar afköst virkjanna 31
40 Orkuverð virkjana ef þær ættu að geta staðið undir sér 32
41 Afkastagetu tafla fyrir Pelamis ölduvirkjunina 37
42 Afkastagetu tafla fyrir Wavedragon ölduvirkjunina 37
43 Wavedragon 37
44 Afkastagetu tafla fyrir AquaBuOY ölduvirkjunina 38
45 Afkastagetu tafla fyrir Oyster ölduvirkjunina 38
46 Afkastagetu tafla fyrir WAveEL ölduvirkjunina 38
47 Ferill á NACA0012 túrbínublaðinu 47
48 Samsett túrbína með NACA0012 blöðum 47

2 Inngangur

Allur raforkuflutningur til Vestmannaeyja fer fram í gegnum rafstrengi frá meginlandinu. Á álagstímum getur komið sú staða upp að rafstrengirnir anna ekki eftirspurn bæjarins og fiskvinnslubræðslur þurfa þá oft að grípa til þeirra ráða að keyra olíukatla fyrir orkufrekann iðnað sinn. Í þessu verkefni verður fjallað um þann möguleika að virkja öldur við Vestmannaeyjar og afla bænum að hluta rafmagni til að lýsa upp bæinn og kynda heitavatnið.

Íslendingar búa yfir mikilli þekkingu á jarðvarma- og fallvatnsvirkjunum. Þróun öldu-virkjana hefur verið góð síðustu ár og hafa Danir, Skotar, Bretar og Bandaríkjamenn framarlega á því sviði. Íslendingar mættu skoða betur og taka þátt í að nota og þróa þennan virkjunarkost, því enn eru staðir við strendur Íslands sem ekki hafa rafmagn.

Til að skoða þetta betur verður svæðið í kringum strandlínuna við Vestmannaeyja afmarkað og reikna út öldukrafta þar. Nokkrar virkjunarútfærslur verða skoðaðar sem gætu orðið vænlegur kostur til að setja þar niður en þessar virkjanir eru afar marga og mismunandi, bæði eru þær settar niður við ströndina, niðurá hafsbotninn og fljótandi á yfirborði sjávar.Við Vestmannaeyjar getur verið mjög vindasamt og ætti því að vera góður kostur að virkja þar og minnka jafnvel orkuverð til bæjabúa.

3 Veitukerfið í Vestmanneyjum

3.0.1 Rafmagnið í Vestmanneyjum

Rafmagnið í Vestmanneyjum kemur frá fastalandinu og er leitt í gegnum tvo sæstrengi sem liggja í aðveitustöðina í Vestmannaeyjum. Þaðan er því dreift um dreifikerfi bæjarins. Á álagstímum anna strengirnir ekki eftirspurn og þurfa m.a. fiskibræðslurnar að kveikja upp í olíuketlunum til að fá rafmagn fyrir orkufrekan iðnaðinn sinn. Frá árinu 1962 hafa tveir sæstrengir sinnt Vestmannaeyjum, þeir kallast Vestanneyjarstrengur 1 og 2 þetta sem eru 33 kw háspennustrengir. Árið 2013 var lagður nýr sæstrengur til Vestmannaeyja þar sem Vestmannaeyjarstrengur 2 var illa farinn og óstöðugur. Nýi strengurinn sem var lagður mun leysa gamla strenginn af hólmi en Vestmannaeyjarstrengur 1 verður þó enn í notkun. Nýi strengurinn er 66 kv háspennustrengur en verður rekinn á 33 kv spennu, unnið er að breytingum vegna spennuhækkunar á nýja strengnum til að auka flutningsgetu til Vestmannaeyja [1].



Mynd 1: Rafstrengirnir til Vestmannaeyjar

3.0.2 Hitaveitan

Hitaveituvatnið í Eyjum er hitað með rafmagni, gufa sem framleidd er með rafskautakötlum er látin streyma í gegnum varmaskifti og hitar þannig vatnið sem kemur undan Eyjafjöllunum. Hitaveitukerfið er tvöfalt og lokað kerfi þar sem vatninu er dælt inn á framrásina til notenda.
Eftir notkun er vatninu dælt til baka og hitað aftur upp. Varmi frá sorpbrennslunni og fiskmjölsverksmiðjunum er notaður til að hita vatnið upp aftur.
Áður en rafskautakatlarnir komu við sögu eftir gos eða árið 1974 reyndu menn að nýta varman úr hrauninu, árið 1988 virtist varminn ekki vera nægur og tóku rafskautakatlarnir því við og hafa verið notaðir síðan þá [2].



Mynd 2: Útskýringarmynd af rafskautsketil
[3]

3.1 Raforkunotkun 2012

Hér í töflu 1 má sjá raforkunotkun Eyjamanna árið 2012. Heildarnotkun var Í kringum 130 GWh. Í iðnaðargeiranum eru bakarí, alifuglabú, netagerðir, skipasmíð o.fl. Undir flokknum almenningsnotkun eru sjúkrahús, skólar, sundlaugar og o.fl., undir raf, hita og vatnsveitu má finna raforku til kyndingar og rafskautsketil hitaveitunar.

Mynd 3 sýnir orkunotkunina myndrænt.

Tafla 1: Vestmannaeyjar 2012

	kWh
Iðnaður	961.389
Fiskvinnsla	37.997.663
Almenningsnotkun	2.901.374
Raf,hita og vatnsveita	65.802.323
Heimili	13.203.268
Annað	9.120.418
Samtals	129.986.435



Mynd 3: Raforkunotkun í Vestmannaeyjum árið 2012

Orkunotkunin skiptist í tvo flokka, forgangs- og ótrygga orku. Forgangsorkan er seld til almennar heimilisnotkunar og í fyrirtæki o.fl., en ótrygga orkan er notuð til að kynda upp vatn til húshitunar, einnig er ótrygga orkan notuð í fiskmjölsbræðslum í Eyjum. Hitaveita suðunesja selur forgangsorku til notenda í Vestmannaeyjum á 6,13 kr/kWh en þetta verð er án dreifi- og flutningsgjalds [2]. Ótrygga orkan selst mjög ódýrt enda er óöryggi í afhendingu hennar.

4 Almennt um ölduvirkjanir

Ölduvirkjunartækni byggist á að virkja aflið í ölduhreyfingu. Aldan er virkjuð í upp og niðursveiflu hennar og er rafmagn framleitt þannig. Öldur myndast þegar vindur blæs yfir yfirborð á hafi og myndar þannig samfelldan öldugang. Ölduhæð fer eftir hraða vindsins, dýpt sjávar og grófleika á botni sjávar. Kraftur öldunnar hefur ekki áhrif á sjávarföllin. Öldsveiflurnar eru mestar á yfirborðinu og minnka svo eftir því sem neðar er farið undir yfirborð sjávar. Talið er að öldukraftur við strendur heimsins sé um 2 terrawött eða um 120 terrawött á klukkustund. Þegar það er reiknað á öldukraft fyrir hvern meter er notuð jafnan 1.

$$E = 0.5 * Hs^2 * T(kW/m)[4] \tag{1}$$

Hs er ölduhæðin[m], T er Sveiflutími[s]. Ef valið er staðsetning vestan megin við Vestmannaeyjar t.d. þar sem ölduhæðin er 1,8 m og sveiflutíminn 8,4 s kæmi út ef við myndum setja í jöfnuna 7,6 kW/m. Öldukrafturinn fer einnig eftir hraða og lengd öldunnar. Þekktar eru um 40 aðferðir til að virkja öldurnar, og eru nokkrar þeirra notaðar. Þær sem eru notaðar nefnast Shoreline, Nearshore og Offshore. Shoreline aðferðin er notuð þegar virkja á öldur við strendur, kosturinn við þessar virkjanir er að auðvelt er tengjast veitukerfinu og viðhald er einnig auðveldara. Við Nearshore aðferðina er virkjunin staðsett á botninum rétt við strönd og hún nýtir yfirborðshreyfingu sjávar og beislar orkuna. Offshore leiðin er þannig að virkjunin flýtur á yfirborði sjávar og nýtir þannig öldusveiflurnar.
Með þessum aðferðum er rafmagnið búið til með línulegum rafala, vatni er dælt upp í lón og látið renna þaðan í gegnum pelton túrbínu á landi. Einnig er notast við vatn og vindhverfla [5]. Nýting á ölduhreyfingu við Ísland ætti ekki að vera vandkvæðum bundið, velja þyrfti ölduvirkjun sem væri hönnuð til að þola kraftinn frá öldunum við strendur Íslands. Mögulega væri hægt að virkja öldurnar í Fjörðum eða hreinlega að byggja einhverskonar trektlaga leiðigarða þannig að garðarnir myndu þrýsta öldunni í átt að virkjunni og þannig minnka í leiðinni brotið á henni.

5 Ýmsar ölduvirkjanir

5.1 Wave dragon system

Wave dragon ölduvirkjunin byggist á Offshore leiðinni til að virkja öldurnar, Wave dragon er fljótandi prammi með túrbínum. Í kringum prammann er rampur sem leiðir öldurnar inn að stóru lóni sem fæðir svo túrbínurnar. Fyrsta virkjunin sem var prófuð er í Danmörku. Talið er að hún geti afkastað 4-10 MW [6]. Tækninni mætti líkja við vatnsaflsvirkjanirnar á Íslandi þar sem vatni er safnað í uppistöðulón og svo látið renna í gegnum Kaplan túrbínur. Hér fyrir neðan má sjá líkan af Wave dragon system.



Mynd 4: Wave dragon system
[6]

5.1.1 Kaplan túrbína

Kaplan túrbína er túrbína af ásstreymisgerð. Hún er hönnuð fyrir mikið rennsli og litla fallhæð. Vatnshjólið svipar til skipsskrúfu. Stórar túrbínur geta náð allt að 90% nýtni. Ásstreymistúrbínur eiga það sameiginlegt að vatnið streymir samsíða snúningsásnum í gegnum vatnshjólið. Oft eru stýriblöð á ástreymistúrbínum og er það gert til að fá sem bestu nýtni út úr túrbínunni. Þetta hentar vel fyrir breytilegt álag, fallhæð og rennsli. Helsti kostur Kaplan túrbínu er að nýtni er svipuð fyrir breytilegt rennsli og fallhæð [7]. Afköst Kaplan túrbínu má reikna samkvæmt formúlu 2.

$$P = \eta * \rho * g * Q * H_e \tag{2}$$

Þar sem η er nýtni , ρ er eðlisþyngd , g er þyndarhröðun, Q flæði og H_e er raunfallhæð.

5.2 Wave Buoy

Til eru nokkrar gerðir af ölduvirkjunum sem líta út eins og öldudufl eða baujur. Þetta eru Offshore ölduvirkjanir sem framleiða rafmagn með vökvatúrbínum, vatnsaflstúrbínum eða línulegum rafal.

5.2.1 Power Buoy

Árið 2010 var power buoy fyrsta ölduvirkjunin sem var tengd inn á dreifikerfið í Bandaríkjunum. Það var sjóherinn og rafvinnslufyrtæki í Bandaríkjum sem komu þessari PB40 virkjun niður sem var 40 Kw. Virkjunin var 4 m á breitt og 16 m á lengd. Ári seinna var svo sett önnur stærri virkjun í Skotlandi sem er kölluð er PB150, það er 150 kW virkjun (sem skilar afli til rafalls með 866 kW afl). Virkjunin er 11 m á breidd og 43.5 m á lengd. Virkjunin virkar þannig að þegar baujan færist upp og niður með öldunum færist vökvatjakkar með og þrýsta og soga vökva í gegnum vökva mótor sem snýr rafal [8].

Mynd 5: Martin Power buoy

5.2.2 Aflbreytir Power Buoy

Aflbreytir Power Buoy notast við tvívirkan tjakk sem tengdur er við baujuna og knýr vökvamótorinn. Þegar aldan hreyfir tjakkinn í lóðrétta stefnu þrýstir hún vökva í gegnum vökvamótor, við það að tengja vökvatjakkinn beint við vökvamótorinn myndi það láta flæðið í kerfinu vinna á móti snúningsátt mótors þegar tjakkurinn breytir um stefnu. Til að það gerist ekki er notast við fjóra einstreymiloka sem stýra flæðinu alltaf í sömu stefnu til að knýja mótorinn. Til að fá stöðugt flæði og jafnan þrýsting í kerfinu er notast við forðabúr og þrýstijafnara. Skýringarmynd af kerfinu má sjá á mynd 6a og 6b.



(a) Útskýringarmynd af aflbreyti Power Buoy-Stimpill inni

(b) Útskýringarmynd af aflbreyti Power Buoy-Stimpill úti

5.2.3 Aqua Buoy

Aqua virkjunin er þannig hönnuð að hún er opin í báða enda og á milli er slöngudæla sem dælir vatni í gegnum túrbínu sem snýr rafal. Slöngudælan er föst við stimpill sem hreyfist með öldunum og þannig teygir hún á slöngunni og þrýstir svo á hana þannig að hún dælir vatninu í gegnum pelton túrbínuna. Túrbínan snýr svo rafalinum sem framleiðir rafmagn. Aqua virkjunin sem er á vestuströnd Bandaríkjanna er 3 m í þvermál og 21.3 m á lengd og er hún 250 kW [9].



Mynd 7: Skýringar á færslu AquaBuoy

5.2.4 Pelton túrbína

Pelton túrbínan eða Bunu túrbína var tekinn í notkun á seinni hluta nítjándu aldar. Túrbínan er atlagstúrbína, sem hefur mikla nýtni eða um 92% og er oft notuð í smærri vatnaflvirkjanir. Vatninu er leitt með miklum þrýsting inn í svokallaðann bunustút sem beinir vatninu beint á blöðum túrbínunar sem eru í laginu eins og skóflur. Þegar vatnsbunan lendir á blöðunum klofnar hún í tvennt og breytir þannig um stefnu og fer öfuga átt við snúningsátt túrbínuhjóls [7].

5.2.5 Seabased

Í Svíþjóð eru búið að vera þróunarverkefni í gangi frá árinu 2002 hjá Háskólanum í Uppsala sem kallast Lysekil. Árið 2005 voru settar 10 baujur niður í Svíþjóð og hver þeirra er 10 kW. Verkefnið snýst um að setja um niður öldustöð við vesturströnd Svíþjóðar. Nú hafa nemendur við Uppsala Háskólanum verið að vinna verkefni með fyrirtæki sem heitir Seabased. Verkefnið var sett á laggirnar 2011 og er áætlað að setja niður virkjanir í Svíþjóð og á Nýja Sjálandi. Virkjunarsvæðið á að vera í kringum 80 hektarar og ætti að geta gefið af sér 10 MW. Virkjuninsvæðið í Svíþjóð á að vera tilbúið árið 2014. Virkni virkjunar er þannig að rafalsbúnaðurinn er á botninu á um 25 m dýpi, búnaðurinn er svo tengdur við bauju sem er 3 m í þvermál með vír. Þegar baujan færist lóðrétt upp og niður með öldunum færist snúður (rotor) með baujunni á tilteknum hraða inn í rafal, hreyfing milli sáturs og snúðs myndar spennu í sáturvafningum og býr þannig til rafmagn [10].



Mynd 8: Seabased buoy línulegur rafall
[10]

5.3 WaveEL

WaveEL öldubaujan er framleidd af Sænsku fyrirtæki sem heitir Waves4power. Virkjuninn er ekki ósvipuð Power buoy virkjunninni þar sem hreyfing öldunar fær stimpill til að hreyfast upp og niður og þrýsta þannig vökva í gegnum vökvatúrbínu. Fyrirtækið Waves4power eru enn með tilraunabaujur í notkun og stefnir fyrirtækið að setja niður 100 virkjanir á virkjunarsvæði á Bretlandi við Cornwall og standa vonir til að geta tengt þær við dreifikerfi sumarið 2014. Hver virkjun er 8 m í þvermál og lengdin á þeim er 30 m, þannig að sjávardýpi í kringum virkjuninna þarf að vera 45 m. Notast er við 150 kW rafal. (Email samskifti við Ulf Lindelöf hjá Waves4Power)



Mynd 9: WaveEL vökvakerfi
[11]

Á mynd 9 má sjá hvernig stimpillinn hreyfist upp og niður með öldunum.

5.4 Pelamis Wave Energy converter

Pelamis virkjunin er fyrsta Offshore virkjunin sem var tengd inn á dreifikerfi. Árið 1998 byrjuðu menn að hanna virkjunina og fyrsta virkjunin var sett niður og tengd við dreyfikerfi árið 2004 í skotlandi. Virkjunin hreyfist líkt og ormur með öldutoppunum og hún samanstendur af 4 hólkum sem tengdir eru saman með einhverskonar hjöruliðum sem hefur aflumbreytirinn sem breytir hreyfiorku í raforku. Hólkarnir eru 4 m í þvermál og er virkjunin sjálf um 180 m löng. Þegar liðirnir hreyfast upp og niður með öldunum knýja 4 vökvatjakkar vökva mótor sem knýr rafalinn áfram. Virkjunin er oftast 2-10 km frá landi og er sjávardýpi kringum hana oftast um 50 m. Afköstin eru í kringum 750 kW á hverri virkjun [12].

Mynd 10: Pelamis virkjunin í Skotlandi
[12]

5.4.1 Aflbreytieining Pelamis

Aflbreytarnir breyta hreyfiorku í vélræna snúningsorku sem knýr rafalinn. Hreyfing öldunar kemur hreyfingu á tjakkana sem pumpa vökva inn í forðabúr sem fæðir vökvamótorinn sem knýr rafalinn. Forðabúrið þjónar þeim tilgangi að taka upp sveiflur í rúmmáli kerfisins, fá jafnt streymi gegnum mótorinn og kæla olíuna svo það verði minni lekatöp í kerfinu [12].



Mynd 11: Skýringarmynd af Pelamis aflbreytir
[12]

5.5 Wave oyster

Wave oyster er Nearshore virkjun, sem framleidd er af skoska fyrirtækinu Aquamarine Power, fyrirtækið hóf hönnunar - og þróunarvinnu sína árið 2005 og var fyrsta virkjunin sett niður árið 2009 við eyju sem heitir Orkney mainland. Þetta var prufuvirkjun sem var 315 kw, hún var 400 m frá ströndu og á 12 m dýpi[13]. Tveimur árum seinna ákvað fyrirtækið að fjarlægja prufuvirkjunina því hún var einungis hönnuð til að þola meint álag í tvö ár. Árið 2012 var svo sett stærri virkjun við eyjuna. Virkjunin er kölluð oyster 800 og er 800 kW virkjun sem er 26 m á breidd, virkjunin er hálfum kílómetra frá ströndinni og er á 13 m dýpi og á hún að gefa 250% meira afl heldur en prufuvirkjuninn. Mikil þróun er enn í gangi en hjá oyster og stefnir fyrirtækið að því að setja nýja tegund af virkjun niður sem er 800 kW virkjun. Virkjunin á að vera mun ódýrari í framleiðslu og uppsetningu. Oyster virkjun er einskonar hleri sem er fastur á lömum sem sveiflast fram og aftur með neðansjávaröldunum. Þegar hlerinn hreyfist sjá tveir vökvatjakkar um að þrýsta vökva í gegnum vökvatúrbínu sem staðsett er í aflstöð á ströndinni [14].



Mynd 12: Skýringar mynd af Oyster
[15]

6 Oscillating water colum

The oscillating water colum er ölduvirkjun sem vinnur afl úr öldum hafsins. Oscillatin Water Columns er hönnun á heimsvísu og er hugmyndafræðin á bakvið hana notuð í mörgum löndum þar að meðal í Skotlandi, Noregi, Ástralíu og Japan. Virkjuninn er hönnuð þannig að að stokkur liggur að hluta til út í sjó og nýtir orkuna úr öldunum. Við sveiflur í öldunum hreyfist vatnssúla inn í stokknum sem þrýstir og sogar loft í gegnum túrbínuna. Þrýstingurinn í stokknum er alltaf á víxl eftir því hvort aldan er að hækka eða lækka í stokknum eins og má sjá á myndum [4].



(a) Skýringar mynd af virkni OWC-Innöndun

(b) Skýringar mynd af virkni OWC-Útöndun

Fyrstu tilraunavirkjanirnar í að nýta sveiflukennda ölduna voru reistar í kringum níunda áratuginn og í Japan, Noregi, Skotlandi og Indland allt frá 12 til 150 KW að stærð. Tilraunavirkjunin sem reist var í Skotlandi var endurgerð og búin var til betri útfærsla af henni. Það var fyrirtækið Wavagen sem sá um þessar endurbætur, en Wavagen er fyrirtæki sem vinnur að þróun sjálfbærrar orku. Árið 2001 reisti svo fyrirtækið 500 kW virkjun og tengdi hana við veitukerfi. Fyrirtækið var það fyrsta í heiminum til að tengja ölduvirkjun við veitukerfi [4].

6.1 Hönnun

Þegar hugað er að hönnun ölduvirkjunar þarf að skoða margt. Margir kraftar vinna á virkjunina og stærsti krafturinn er sá lárétti sem vinnur á framhlið virkjunarinnar. Einnig þarf að skoða þá krafta sem myndast á veggi inni í loftstokkum, en þegar vatnsúlan hækkar og lækkar myndast þrýstingur og sog sem mynda krafta á innri veggi á stokknum. Kraftarnir sem koma frá öldum sem lenda á framhlið virkjunarinnar eru þeir kraftar sem þarf að reikna mest með. Miklir höggþrýstingar koma frá öldum í slæmum veðrum og eru því mikil átök á framhlið virkjunarinnar. Hafsbotninn getur haft mikil áhrif á höggþrýstinginn á virkjunina og ef botninn er grýttur getur það haft þær afleiðingar að

öldurnar verða stærri og myndast þá stærri kraftur á framhliðina. Miklar rannsóknir voru gerðar með að hafa framhliðina á virkjuninni með halla eða með engum halla, með því að hafa 40-60°halla á framhliðinni minnkar það höggþrýsting um 50%. Þegar farið er í að steypa upp virkjunina þarf að velja réttu steypu tegundina í virkjunina og gæta þess að eigintíðni hennar sem er 50-200 Hz falli ekki inn á eigintíðni öldunnar og verði þess valdandi að virkjunin hrynji [4]. Með því að gera rýmið mjög stórt fyrir framan túrbínuna er hægt auka hraðan í gegnum hana mikið, eða í hlutfalli við Flatarmál A_1/A_2

6.2 Wells túrbína

Wells túrbínur eru loftknúnar og því afar hentugar fyrir sveiflukennt loftflæði. Hugmyndin að Wells túrbínunni varð til árið 1976 og var hún hönnuð af Alan Arthur Wells í Queen's University Belfast. Túrbínan er þannig hönnuð að ekki skiptir máli hvort þrýstingur eða sog vinnur á túrbínuspaðana því hún snýst alltaf sömu átt. Túrbínan er mjög einföld í smíðum og uppsetningu. Ein tegund Wells túrbína hefur átta blöð á rótornum. Miðlínan eða Y-ásinn sem sést hér á mynd 14 hornréttir á öxulinn. Mesta nýtni sem hefur verið mæld á svona túrbínu var í Skotlandi og mældist hún 65% þar sem flæðið var stöðugt streymi og 45% í óreglulegu streymi með stýriblöðum. Nýtni á svona túrbínu er venjulega ekki eins mikil og á öðrum túrbínum þar sem ekki er stöðugt streymi á loftinu og einnig vegna þess að hún hefur hærri dragstuðul [7].



Mynd 14: Skýringar mynd af Wells túrbínu
[7]

7 Ölduvirkjun við Vestmannaeyjar

Skoðaðar eru nokkrar ölduvirkjanir til að setja niður við Vestmannaeyjar m.t.t. afkasta og stofnkostnaðar. Við veljum 5 virkjanir til að setja niður og eru þær allar mismunandi. Fyrsta valið sem við skoðum er Oscillating water colum, en sú virkjun er sett upp við ströndina. Hinar virkjanirnar sem skoðaðar verða eru Pelamis, Wave dragon, Oyster og WaveEL en þessar virkjanir eru mislangt frá landi.

Mynd 15: Smáeyjar

7.1 Val á staðsetningu

Þegar ákvörðun um val á staðsetninguna var tekinn var ákveðið að velja stað vestan meginn við Vestmannaeyjar þar sem öldustefnan við Vestmannaeyjar árið 2012 var að meðaltali um 222 gráður. 225 gráður er ríkjandi suðvestan átt, öldustefnur árið 2012 má sjá í töflum í viðauka. Í Vestmanneyjum er vindátt ríkjandi suðaustan átt á stórhöfða eins og sést á mynd um tíðni vindátta sem sjá má í viðauka en það hefur ekki áhrif á virkjanasvæðið þar sem ölduáttin skiftir mestu máli, þó það sé skjól frá vindi þá eru alltaf jafnar öldur að virkjanasvæði. Svæðið liggur vestanmeginn við Heimaey þar sem golfvöllurinn er staðsettur og að smáeyjunum sem nefnast Hani, Hæna og Hrauney. Vestan megin við Hrauney er svo Grasleysa.
Við Vestmannaeyjar er margir veiðistaðir en vestan meginn við Eyjar er veiðisvæði frá 1,5 km vestur frá eyjum og liggja að Álsey, Þetta eru staðir á borð við Álseyjableiða, Brekir og Hvítbjarnaboði. Austan meginn við eyjar eru svo veiðistaðir 800 m austur frá eyjum og liggja í átt að Bjarnarey, en þetta eru staðir sem kallaðir eru Bessi og Ledd en Guðlaugur Friðþórsson synti fræga Guðlaugasundið frá Ledd.
(Sigurður Georgsson,munnleg heimild, 2. desember 2013)

Auk veiðistaða austan meginn getur verið umferð flutningaskipa og skemmtiferðaskipa, en alla fimmtudaga og föstudaga koma Íslensk flutningarskip til Vestmannaeyja og sigla svo austan meginn við eyjar áfram á aðra áfangastaði. Því er erfitt að hafa virkjanasvæði austan meginn við Eyjar vegna veiðistaða og skipaumferðar.

Reisa þyrfti spennistöð eða tengivirki við sjávarsíðuna ef reisa ætti virkjunarsvæði til að dreifa áfram í spennustöðvar bæjarins en kort af spennustöðvum bæjarins má sjá á mynd í viðauka en spennustöðvarnar hafa hring í kringum sig en enginn spennustöð er nálægt sjávarsíðunni. Flestar þessara virkjana tengjast með 11 kV rafstreng og þyrfti þá aðeins dreifa rafmagninu áfram í tilheyrandi spennustöðvar nær íbúðarbyggð

Hér í töflunni fyrir neðan má sjá punktana af svæðinu sem ég afmarkaði, Svæðið er í kringum 100 hektarar eða 1000 m x 1000 m. Punktur 1 liggur frá Kaplagjótu að punkti 2 sem er við Hænu og Hana, punktar 3 og 4 liggja svo 1000 m sunnar en punktar 1 og 2.

Tafla 2: Val á staðsetningu

Punktar	Breiddargráða	lengdargráða
Fyrsti	63°26'19.22"N	20°18'19.97"W
Annar	63°26'19.22"N	20°19'31.50"W
Þriðji	63°25'47.31"N	20°19'31.50"W
Fjórði	63°25'47.31"N	20°18'19.97"W



Mynd 16: Virkjunarsvæði

Til að einfalda staðsetningar á virkjununum er svæðinu skift í 20 minni svæði en þetta eru línur sem liggja frá norðri til suðurs og ein lína sem liggur í gegnum þessar línur. Bilið milli línanna er í kringum 200 m og ölduhæð er meiri því lengra sem farið er frá landi.

Mynd 17: Skorðað öldusvæði

Meðalölduhæð og meðalsveiflutíma á svæðinu má sjá á töflu hér fyrir neðan en taflan sýnir meðalölduhæð og meðalsveilutíma yfir allt svæðið, en tölurnar eru frá árinu 2012. Einnig má sjá útreiknaðan öldukraft, en til þess að reikna hann var jafna 1 notuð.

	Hs	Tp	E
	[m]	[s]	[kW/m]
Janúar	3.0	10.7	47.5
Febrúar	3.0	10.6	46.3
Mars	3.1	10.7	52.0
Apríl	0.9	5.9	2.4
Maí	0.9	5.9	2.4
Júní	0.5	5.8	0.7
Júlí	0.9	6.7	2.7
Ágúst	0.6	5.0	0.9
September	1.8	8.0	12.2
Október	1.2	7.0	4.8
Nóvember	2.2	8.6	20.8
Desember	2.6	10.0	33.7

Mynd 18: Meðal öldfar við Vestmannaeyjar árið 2012

Eins og sést á mynd 18 er mesti öldukraftur frá desember til mars. Forsendur öldufarsreikninga eru upplýsingar um vind (hraða og stefnu), úthafsöldu (ölduhæð, sveiflutíma og stefnu) og hafdýpi. Útbreiðsla öldu er óháð sjávarbotni þegar dýpi er meira en hálf öldulengdin, en á grynnra vatni eru öldulengdir og öldustefnur háðar breytingum á legu botnsins. Siglingastofnun notar hugbúnaðinn MIKE21SW frá dönsku straumfræðistofnunni DHI til útreikninga. Öldudufl Siglingastofnunar við Surtsey og Landeyjarhöfn mæla einungis ölduhæð og tíðni en ekki öldustefnu og er því stuðst við gögn European Center for Medium ranged Weather Forecasts (ECMWF).
(Ingunn Erna Jónsdóttir,tölvupóstur, 3. desember 2013)



Mynd 19: Sjávardýpi á svæðinu

Á mynd 19 má sjá dýpið á svæðinu en það er á bilinu 14-50 m. Hrjúfleikinn á botninum ætti ekki að skifta miklu máli þar sem dýpið er nægilegt og ætti ekki að hafa áhrif á ölduhæðina. Ölduhæðin er alltaf meiri þar sem dýpið mikið og væri því best að hafa ölduvirkjanirnar þar sem dýpi er mest.



Mynd 20: Sjávardýpi kringum Vestmannaeyjar

Mynd 20 sýnir heildar mynd af Vestmanneyjum og dýpi í kringum hana, eins og sést er dýpi meira austanmeginn við Vestmannaeyjar.

7.1.1 Oscillating water colum

Ef sett yrði niður Oscillating water colum virkjun við Vestmannaeyjar, væri hægt að sækja fyrirmyndina til skotlands og byggja álíka virkjun, en hún var sett niður á eyju við vestuströndina. Sú eyjan er töluvert stærri að flatarmáli en Vestmannaeyjar, en það búa þó mun færri á þeirri eyju. Virkjunin er 500 kW og eru tvær 250 kW túrbínur sem knýja hana sem eru 2.6 m í þvermál. Virkjunin er þannig hönnuð að 3 stokkar sem eru steyptir eru upp eru 6m x 6m í innramáli, breiddin á virkjunni er 21 m og er hún staðset 17 m inn í landið frá ströndinni.
Það sem helst ber að skoða þegar ölduvirkjun er sett niður:

- Öldufar
- Möguleiki á dreifikerfi
- Gott aðgengi að framkvæmdasvæði
- Viðbrögð samfélagsins við framkvæmdum ...

Við það að reisa virkjunina inni í landi auðveldar það byggingaframkvæmdir, því annars þyrfti að byrja á því að setja upp varnagarða einhvað út frá ströndinni [16].



Mynd 21: Framkvæmdaferill Ocillating water colum

í fyrstu er valin staðsetningin á virkjunni og hvar hentugast sé að byggja hana út öldufari og staðsetningar á dreifikerfi, því næst er hafist handa við að brjóta og grafa upp fyrir grunninum á virkjunni inn í landið. Eftir það tekur við uppsláttur og uppsetning á búnaði. Að lokum er svo grafið í kringum virkjunina og dýpkað, virkjunin síðan keyrð í gang.

Hér fyrir neðan má sjá mynd af sambærilegri virkjun sem reiknað er með að setja niður í vestmanneyjum. Reyndar yrði hún töluvert meira inn í landið en mynd 22 sýnir. Með því að grafa hana inn í landið myndast varnargarðar í kringum hana



Mynd 22: Ocillating water colum séð á hlið

Á mynd 23 sést aftan á virkjunina sem ber tvær túrbínur sitthvor 250 kW, og þvermál hvorrar um sig er 2.6 m. Notast er við túrbínur sem kallast Wells túrbínur, en um þær er aðeins fjallað hér að ofan. Snúningshraði túrbínanna er í kringum 1050 sn/m og blöðin í þeim eru NACA 0012 en lögun þeirra má sjá á mynd 48. Stærð á inntaksstokka er töluvert meira flatarmál heldur en flatarmálið á túrbínanna, með því að hafa inntaksflöt stærri er hægt að auka streymið gegnum túrbínuna töluverð eða eins og í þessu tilfelli er hraði loftsins rúmlega 6 sinnum meiri í gegnum þær en hann er í stokkunum.



Mynd 23: Ocillating water colum horft framan á túrbínurnar

Afkastastuðillinn á virkjuninni er í kringum 40% af uppgefnu afli ef túrbínurnar eru 500 kW samanlagt og raunafl þeirra væri þá í kringum 200 kW miðað við að ölduorkan sé í kringum 20 kW/m. Með því að vita raunaflið getum við fundið kílóvattstundir með jöfnunni hér fyrir neðan

$$\begin{aligned} kWh = raunafl * (dagar * klukkutmar) \\ 200 * 8760 = 1.752.000kWh \end{aligned} \tag{3}$$

Ef reiknað er með að meðal rafmagnsnotkun á heimili sé í kringum 5000 kwh á ári sjáum við hvað ein svona virkjun gæti sinnt mörgum heimilum,

$$350.4heimili = \frac{1.752.000kWh}{5000kWh} \tag{4}$$

í jöfnunni hér fyrir ofan kemur í ljós að hægt er að sinna um 350 heimilum með þessari virkjun. Kostnaður við að reisa svona virkjun er í kringum 1.200.000 kr/kw þannig við að það reisa 500 kW virkjun væri það í kringum 600.000.000 kr, en kostnaður getur alltaf verið meiri þar sem gröftur og vinnuaðstaða getur breyst [17].

Ef reist yrði Oscillating water colum á svæði 1-b og við línu 10 þar sem sjávardýpi er í kringum 14 m og meðalöldukraftar í kringum árið er 19 kW/m en eins og má sjá á mynd 24 er lítill öldukraftur yfir sumartímann en þeim mun meiri yfir vetramánuðina.

L10			
	Hs1-b	Tp1-b	[kW/m]
Janúar	3.0	10.7	46.6
Febrúar	2.9	10.6	44.9
Mars	3.1	10.7	50.9
Apríl	0.9	5.8	2.1
Maí	0.8	5.9	2.1
Júní	0.5	5.8	0.7
Júlí	0.9	6.7	2.5
Ágúst	0.6	4.9	0.9
September	1.8	8.0	13.0
Október	1.2	7.0	5.3
Nóvember	2.2	8.6	20.4
Desember	2.6	10.0	34.6

Mynd 24: Öldukraftar á virkjunarsvæði 10 1-b

Ef við berum þessa töflu saman við töfluna á mynd 25, en þær tölur eru afltölur frá ISLAY öldustöðinni, sjáum við að yfir sumartímann við Vestmannaeyjar yrði nánast enginn rafmagnsframleiðsla, en yfir vetramánuðina yrði um það bil 80 % nýtni af uppgefnu afli.

	Hs	Ts	kW/m	kW
Janúar	2.9	9.0	37.50	410
Febrúar	3.2	9.5	47.23	500
Mars	2.8	8.7	33.01	380
Apríl	2.1	8.7	18.34	200
Maí	1.5	8.2	9.55	100
Júní	1.4	8.2	7.77	98
Júlí	1.2	7.1	5.31	70
Ágúst	1.3	7.4	6.45	75
September	1.9	8.3	14.29	160
Október	2.2	8.9	21.32	240
Nóvember	2.5	8.9	26.68	300
Desember	2.8	9.0	34.70	390

Mynd 25: Afköst ISlAY Öldustöðvar

7.1.2 Pelamis

Ef sett væri niður Pelamis virkjun rétt fyrir utan Vestmannaeyja væri hægt að búa til virkjunarsvæði með nokkrum 750 kW virkjunum eða notast aðeins við eina. Staðsetning virkjuninnar þyrfti að vera í kringum 2 km til 5 km frá landi til að fá sem bestar aflniðurstöður. Þar sem ég erum búinn ráðstafa svæði til skoðunar sem er aðeins 1 km frá landi ætla ég að sjá hveru góða útkomu hægt er að fá með því að setja niður Pelamis virkjun á sæðinu. Öldudýpi getur líka skift máli, því meiri dýpi því meiri kraftur er í öldunni.

Mynd 26: Pelamis í Skotlandi

Talið er að ein Pelamis virkjun getið gefið af sér allt að 2.700.000 kWh á ári en það gefur afkastastuðul upp á 40% en hann getur farið niður í allt að 15%. Uppsetning á einni 750 kW virkjun kostar með búnaði og uppsetningu 500 milljónir eða um 890.000 kr/kW

Ef Sett yrði niður virkjun á línu 1 sem 1000 m frá landi og dýpi í kringum 35-50 m. Þrátt fyrir að í skotlandi sé verið að seta hana lengra frá. Öldufar á línu 1 má sjá á mynd 27.

L1			
	Hs1-b	Tp1-b	[kW/m]
Janúar	3.3	10.7	57.9
Febrúar	3.3	10.6	56.3
Mars	3.4	10.7	62.0
Apríl	1.0	6.4	3.4
Maí	1.0	6.2	3.1
Júní	0.6	6.1	1.1
Júlí	1.0	6.8	3.3
Ágúst	0.8	5.4	1.6
September	2.0	8.0	16.7
Október	1.5	7.2	7.7
Nóvember	2.5	8.7	28.1
Desember	2.9	10.0	41.6

Mynd 27: Öldukraftar á Lína 1

Eins og sjá má á töflunni er ölduhæðin aðeins hærri en á línu 10, en út frá þessum upplýsingum er hægt að sjá afl frá virkjuninni eftir breytilegri ölduhæð og öldutíðni á mynd 41.

Pelmis													
	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sept	Okt	Nóv	Des	Meðaltal
[kW]	254	258	266	33	31	29	36	22	152	84	224	228	135

Mynd 28: Afköst Pelamis virkjunarinnar

Mynd 28 sýnir afkastagetu Pelamis við línu 1 samkvæmt öldufari árið 2012. Eins og sjá má eru meðalafköst af virkjuninni 135 kW og gefur það afkastastuðul upp á 18 %. Miðað við þetta hefði virkjunin verið að gefa af sér 1.182.600 kWh árið 2012. Afkastastuðullinn myndi líklegast hækka eftir því sem lengra er farið frá landi.

7.1.3 Wave dragon

Setjum niður 7 MW virkjun við Vestmannaeyjar sem er eins og talað er um hér fyrir ofan. Fljótandi prammmi sem er 33000 t, 300 m á breidd og 170 m á lengd,pramminn hefur 20 túrbínur og er hver túrbína í kringum 350 kW. Á mynd 29 fyrir neðan má sjá mynd af virkjunni ofan frá, en þeir hjá wave dragon eru að bíða eftir leyfi til að setja svona virkjun niður í vestuhluta Wales, dýpt í kringum virkjuninna þarf að vera 25 m eða meira til að ná sem mestum afköstum.



Mynd 29: Skýringarmynd af Wavedragon

Að reisa Wave dragon virkjun kostar um 530.000 kr/kW fyrir fyrstu eininguna sem sett er niður, en þegar einingarnar eru orðnar fleiri getur kostnaður minnkað niður í 310.000 kr/kW 43. 7 MW virkjun myndi kosta í uppsetningu um 3.710.000.000 kr. Aflgetan á Wave dragon virkjuninni er í um 33% minni en uppgefið afl og ætti hún þá að gefa 20.000.000 kWh á ári sem ætti þjónað kringum 4000 heimilum. (Hans Chr Sorensen, tölvupóstur, 8. Nóvember 2013)



Mynd 30: Horft framan á Wavedragon
[18]

Ef Wave dragon virkjun er valin þarf dýpið að vera meira en 25 m. Á mynd 19 sést að dýpið er um 35 m við línu 4 á svæði b.

L4			
	Hs1-b	Tp1-b	[kW/m]
Janúar	3.1	10.7	52.9
Febrúar	3.1	10.6	51.5
Mars	3.3	10.7	56.9
Apríl	0.9	6.1	2.7
Maí	0.9	6.0	2.7
Júní	0.6	5.9	0.9
Júlí	0.9	6.7	3.0
Ágúst	0.7	5.1	1.2
September	2.0	8.0	15.3
Október	1.4	7.0	6.6
Nóvember	2.4	8.6	25.1
Desember	2.8	10.0	38.8

Mynd 31: Ölduorka á línu 4

Út frá þessari töflu getum við svo skoðað mynd 42 og fundið út afl miðað við meðalölduhæð og sveiflutíma.

Wavedragon													
	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sept	Okt	Nóv	Des	Meðaltal
[kW]	2856	2845	3329	261	250	241	327	160	900	522	1404	2333	1286

Mynd 32: Afköst Wavedragon virkjuninar

Eins og sést á mynd 32 eru afköstin að meðaltali í kringum 1286 kW og er afkastastuðullinn í kringum 18%. Virkjunin ætti að gefa 11.265.360 kWh miðað við þær forsendurnar sem við höfum. En miðað við að árleg notkun hvers heimilis sé um 5000 kWh gæti þessi virkjun að geta sinnt í um 2250 heimilum.

7.1.4 Oyster

Ef sett yrði niður Oyster virkjun við Vestmannaeyjar þyrfti að velja góða staðsetningu fyrir hana því byggja þyrfti aflstöð á þurru landi. Ef við myndum setja niður virkjun sem væri eins og prufuvirkjuninn oystre 1, 315 kW 400 til 500 m frá ströndinni á 12-15 metra dýpi, yrði kostnaður mikill, eða um 2.500.000 kr/kW [19] en kostnaður við byggingu á aflstöð er í kringum 20%. Kostnaðurinn við uppsetningu á svona virkjun er nokkuð hár, og framleiðendurnir kappkosta að þróa og jafnframt draga úr kostnaði.

Mynd 33: Oyster virkjunin á þurrulandi
[15]

Meðal aflgeta á Oystre er í kringum 110 kW ári og er það 35% af uppgefnu afli sem er 315 kW, þannig að á ársgrunvelli ætti virkjunin að gefa 965.000 kwh sem ætti að geta þjónusta um 193 heimili. Stærri virkjunin sem er 800 kW og er enn í þróun hjá þeim ætti að geta gefið 280 kW að meðaltali á ári sem er í kringum 2.453.000 kWh og gæti því að geta þjónustað 500 heimili.

Ef valin er staðsetning við ströndina þar sem er um 12-15 m dýpi til að setja niður Oyster virkjunina væri lína 10 og svæði A fyrir valinu. Líkt og við val á fyrri staðsetningum er hægt að sjá öldufar á svæði A á mynd 34.

L10			
	HsA	TpA	[kW/m]
Janúar	3.0	10.7	47.5
Febrúar	3.0	10.6	46.3
Mars	3.1	10.7	52.0
Apríl	0.8	5.8	2.0
Maí	0.8	5.9	1.9
Júní	0.5	5.7	0.6
Júlí	0.8	6.7	2.4
Ágúst	0.6	4.8	0.8
September	1.8	8.0	12.2
Október	1.2	6.9	4.7
Nóvember	2.0	8.6	17.9
Desember	2.7	10.0	35.2

Mynd 34: Ölduorka á linu 10

Út frá þessum upplýsingum er hægt að sjá hve miklu virkjunin er að afkasta við þessar aðstæður með því að skoða afkastatöflu á mynd 45.

Oyster													
	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sept	Okt	Nóv	Des	Meðaltal
[kW]	234	234	241	17	17	0	21	4	134	59	156	217	111

Mynd 35: Afköst Oyster 315 virkjunar

